

HB Grandi hf - Akranes  
Bárugötu 8-10  
300 Akranes

Reykjavík 23. maí 2018  
UST201802-348/gf  
08.10.02

### Varðar útblásturhraða í reykháfum HB Granda á Akranesi.

Starfsleyfi fiskimjölsverksmiðju HB Granda á Akranesi heimilar lækkun á útblásturshraða í skorsteini niður fyrir 20 m/s að því tilskildu að rekstraraðili láti fagaðila reikna út mögulegt loftdreifilíkan og rökstyðji með þeim hætti að minni lofthraði í strompi hafi ekki aukin umhverfisáhrif, sbr., grein 2.13 í starfsleyfi HB Granda á Akranesi.

Útblástur í skorsteini rekstraraðila er álagsstýrður og er oftast 9 – 12 m/s. Því hefur rekstraraðili skilað inn minnisblaði sem unnið er af Veðurvaktinni ehf. með rökstuðningi um að þessi útblásturhraði valdi ekki auknu umhverfisálagi.

Fram kemur í minnisblaðinu að skriðþungi útblásturslofts drífi gasið ekki hátt upp fyrir enda skorsteinsins en hitamunur loftmassana þ.e. munur á hita útblásturslofts og umhverfishita við verksmiðjunar stjórn rísi útblástursloftsins.

Niðurstaða Veðurvaktarinnar er að það hefði lítil áhrif ris útblástursins að auka hraða í skorsteinum úr 9 – 12 m/s, eins og nú er, upp í 20 m/s eins og kröfur starfsleyfisins gera ráð fyrir.

Umhverfistofnun réð sérfræðing til þess að leggja mat á minnisblaðið enda eru þar nokkuð sérhæfðir útreikningar. Sérfræðiálitið er samhljóma.


Stofnunin upplýsti Akraneskaupstað og Heilbrigðisnefnd Vesturlandssvæðis um fyrirhugaða ákvörðun um að lækka útblásturshraða og bauð þeim að koma með athugasemdir. Engar athugasemdir bárust.

Ákvæði í grein 2.13 er því virkjað og samþykktur lágmarksútbásturshraði breytist í 9 m/s.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Gunnlaug H. Einarssóttir  
sviðsstjóri

Afrit:  
Heilbrigðisnefnd Vesturlandssvæðis  
Akraneskaupstaður